



Frá Ólafsfirði. Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) hefur lengi haldið því fram að ríkið hafi ekki staðið við samkomulag frá 2005 um starfsemi kirkjugarða landsins og greitt mun lægra framlag en þar var samið um.

Stórlega skert framlög ríkisins til reksturs kirkjugarða:

Algjörlega óviðunandi ástand

- segir Þórsteinn Ragnarsson, formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins hefur síðastliðin sjö ár verið skert með þeim afleiðingum að kirkjugarðar hafa ekki lengur rekstrarfé til að greiða fyrir grafartöku og umhirðu. Þetta sýnir skýrsla sem er nýkomin út og var unnin af nefnd sem innanríkisráðherra skipaði árið 2014 til að gera úttekt á samkomulagi milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 um árlegt framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða landsins. Þórsteinn Ragnarsson, formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands sat í nefninni.

„Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) hefur lengi haldið því fram að ríkið hafi ekki staðið við ofangreint samkomulag og greitt mun lægra framlag en það segir til um samkvæmt reiknilíkani sem er hluti af samkomulaginu. Nú er komið á daginn að þetta er rétt. Afleiðingin er m.a. sú að verktakar, sem taka grafir í meðalstórum og smærri kirkjugörðum, eru pindir til að selja vinnu sína langt undir gildandi taxa og stærri kirkjugarðar landsins standa frammi fyrir árlegum halla, ásamt því að fækka þeim sem umhirduna annast, á kostnað útlits garðanna,“ segir Þórsteinn.

„Þessu til viðbótar liggur fyrir að undanfarin tvö ár hefur þóknun til presta fyrir útfarir hækkað um 70% vegna samnings milli ríkisins og Prestafélags Íslands og

hefur sú hækkun skolið á fjárhag kirkjugarðanna án þess að viðbótarframlag hafi komið á móti. Þegar lögbundnar greiðslur til presta hækka, eins og raun er á, er minna eftir til að greiða verktökum og stærri kirkjugarðar, sem eru með starfsmenn og tæki í rekstri, eru að sama skapi í vandræðum. Umframkostnaður vegna þessara hækkana nema á árunum 2014-2016 að lágmarki um 60 milljónum króna. Þetta vita starfsmenn innanríkisráðuneytis, sem fara með málefni kirkjugarða.“

Þórsteinn segir að við þessar aðstæður dugi ekkert annað en að menn taki höndum saman, bæði starfsmenn ráðuneytisins og þeir sem stýra málefnum kirkjugarða. „Þessir aðilar verða að setjast niður og gera samkomulag um eðlilegar fjárveitingar til málaflokksins.

Strax á þessu ári þarf að gera nýtt samkomulag við ríkið og uppfæra þau einingaverð sem eiga að standa undir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Að öðrum kosti verður löggjafinn að fella niður hluta af gildandi lögum um kirkjugarða og minnka þannig umsvif þeirra,“ segir Þórsteinn.

„Spyrja má hvort Íslendingum finnst



Það léttvægt hvernig þessum málum sé háttað? Kemur okkur það við, hvort garðarnir séu vel eða illa hirtir og hvort sómi sé sýndur þeim gengnu Íslendingum sem þar hvíla? Fullvíst má telja að flestum Íslendingum sé ekki sama hvernig kirkjugarðar líta út. Þeir sem sýna skeytingarleysi um tíma breyta gjarnan um skoðun fyrr en síðar og skynja að kirkjugarðar, og þau verkefni sem þar eru unnin, koma öllum fjölskyldum landsins við og skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi sé innan trúfélaga eða utan. Sú upplifun, að ástvinirnir eigi e.t.v. að hvíla í óhirtum reit og jafnvel séu áhöld um það hvort hægt sé að greiða þeim verktökum sem taka grófina, gerir aðstandendur sem slíkt upplifa algjörlega agndofa.“



Þorsteinn Ragnarsson, formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands: „Nú þurfum við að leita leiða með hvaða hætti samkomulagið við ríkið verði endurnýjað og gert gegnsærra, ásamt því að ná fram nauðsynlegum breytingum á lögum um kirkjugarða.“

bæta rekstrargrundvöll þeirra og umhverfi. Slík afstaða er hins vegar undantekning.

Undanfarin 20 ár hafa stjórnendur kirkjugarða kappkostað að sýna þeim, sem um fjárveitingar ríkisins halda, hvað það kosti að uppfylla þau lögbundnu verkefni sem kirkjugörðum er falið að sinna. Skipaðar hafa verið nefndir, skýrslur skrifaðar og sérfræðingar hafa verið kvaddir til að meta þennan kostnað. Niðurstöður liggja fyrir og fjárveitingavaldið veit nákvæmlega hvað reksturinn kostar. Þær upplýsingar liggja fyrir, studdar af skýrslum þeirra sem fengnir hafa verið til að gera rekstrarúttektir.

Skýrsla nefndar innanríkisráðherra hefur nú legið frammi í ráðuneytunum í hálfan mánuð og hefur kirkjugarðaráð óskað eftir fundi með innanríkisráðherra um niðurstöður skýrslunnar sem sýnir ýmislegt sem þarf að ræða til að freista þess að koma málaflöknum á réttan kjöl. Það verða verkefni kirkjugarðaráðs og stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands að fara yfir skýrsluna með embættismönnum innanríkisráðuneytis og leita leiða með hvaða hætti samkomulagið við ríkið verði endurnýjað og gert gegnsærra, ásamt því að ná fram nauðsynlegum breytingum á lögum um kirkjugarða. Þessari vinnu verður ekki slegið á fresti!“

Allar upplýsingar liggja fyrir

En hvaða skýring er á daufum viðbrögðum ráðamanna undanfarin misseri við skilaboðum frá forráðamönnum kirkjugarða um að kirkjugarðar geti ekki uppfyllt lögbundnar skyldur sínar vegna fjárskorts? Benda þessi daufu viðbrögð til þess að áhyggjur þeirra séu ekki miklar?

„Ég held að svo sé ekki, ég tel að embættismenn ráðuneyta og alþingismenn, sem eru að jafnaði önnum kafnir við að þjónusta stærri málaflökka og svara sendinefndum sem koma til að reka erindi málaflökka sem almenningur verður daglega var við, hafa tilhneigingu til að vanrækja og líta fram hjá rökstuddum beiðnum sem eru lagðar fram af fulltrúum samfélagslegrar þjónustu sem minna ber á í þjóðfélaginu. Ég tel að almennt sé samsvörun með skoðun almennings og þeirra sem ráða fjármálum þjóðarinnar þó undantekning sé þar á. Reynslan hefur kennt okkur að til eru embættismenn sem eru andvígir allri þróun innan kirkjugarða og stæra sig jafnvel af því að hafa stöðvað lagafrumvörp sem áttu að

Helstu niðurstöður nefndarinnar

- Framlög til kirkjugarðanna voru í samræmi við samkomulagið til ársins 2009. Launakostnaður vegur 40% í samkomulaginu og verðhækkun annarra rekstrargjalda 60%.
- Útreikningar nefndarinnar sýna að framlagið hafði verið skert um 1.971 m.kr. (tvöfalt ársframlag 2015) á árunum 2005-2015 eða sem nemur tæpum 17% af samkomulaginu fyrir þetta tímabil.
- Nefndin sýndi fram á að villa var í útreikningum fjármálaráðuneytis frá 2009 sem uppsöfnuð á nafnvirði nam 133 m.kr. frá 2009-2015 og var kirkjugörðum bætt það upp með aukafjárveitingu sem fylgir árinu 2015.
- Kirkjugarðar voru skertir um 28,8 m.kr. á árabílinu 2009-2015 vegna þess að fjármálaráðuneyti miðaði greiftranir við dánartölu frá „horfinnaskrá“ Þjóðskrár en þar eru einungis þeir sem áttu lögheimili á Íslandi þegar þeir létust en fjöldi greiftrana á Íslandi er meiri vegna þess að mismunur í fjöldataölum skýrist af því að margir Íslendingar, sem áttu lögheimili í útlöndum, eru fluttir til greiftrunar á Íslandi og einnig er hluti af

þessum mismun jarðsetning andvanafæddra barna sem ekki fengu kennitölu en voru jarðsett með sömu viðhöfn og aðrir Íslendingar. Skrá Þjóðskrár Íslands gefur því ekki upplýsingar um fjölda tekinnna grafa en framlagið miðaðist við það. Á þetta var bent í upphafi samkomulagstímabils (2006) en ekki var tekið tillit til þess.

- Að lokum sýndu útreikningar nefndarinnar að kirkjugarðar voru umframskertir um 324,6 m.kr. á tímabilinu 2009-2015. Þessi skerðing er til viðbótar þeirri skerðingu sem ríkisstjórnir gerðu og nefndar hafa verið „hagræðingarkröfur“.

Áður en villa, að upphæð 133 m.kr. var leiðrétt, voru fyrirbyggjandi (áhvílandi) skerðingar að upphæð 486,4 m.kr. utan við hagræðingarkröfur ríkisins sem námu tæpum 2 milljörðum sem efnahagshrunið hafði í för með sér. Skerðingar vegna vantallinn fjölda greiftrana og skerðing umfram hagræðingarkröfur nema 353,4 m.kr. og hafa ekki verið leiðréttar. Fram á þetta er sýnt í útreikningum nefndarinnar.



Afmælisáðalfundur 2015

Tuttugasti aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hótel Natura í Reykjavík dagana 8.-10. maí 2015. Í tengslum við aðal- og afmælisfundinn var haldið málþing á Hótel Natura á föstudeginum þar sem umfjöllunarefnið var umhirða og viðhald í kirkjugörðum. Norski landslagsarkitektinn Helge Klingberg var gestur fundarins. Eftir málþingið var haldin véla- og tækjasýning frá kl. 16-18 á planinu framan við verkstæðið og vélageymslurnar í Fossvogi.

Sjálfur aðalfundurinn hófst síðan kl. 09:00 á laugardagsmorgun 9. maí og stóð til kl. 15:00. Aðalefni fundarins var erindi sem Helge Klingberg hélt um skipulag kirkjugarðamála í Noregi. Eftir aðalfundinn var farin skoðunarferð innan höfuðborgarsvæðisins. Hvalasafnið var skoðað og þar voru fram bornar veitingar. Síðan voru duftreitirnir á Sóllandi við Öskjuhlíð skoðaðir á leiðinni til baka í Fossvog.

Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Natura. Á sunnudagsmorgni kl. 10:00 var afmælisfundinum slitið í Fossvogskirkju. Sr. Gísli Jónasson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, stýrði athöfninni.

Við látum nokkrar myndir frá aðalfundinum tala sínu máli.



Aðalfundur 2016 á Siglufirði

Næsti aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands verður haldinn á Hótel Sigló laugardaginn 28. maí næstkomandi. Hótel Sigló er nýtt hótél og „frægt“ vegna sviðsmyndar í sjónvarpsröðinni Ófærð. Hóтелиð er stórglæsilegt og getur tekið á móti þeim hópi sem sækir aðalfundi KGSÍ.

Margt fróðlegt verður á dagskránni og ýmislegt til skemmtunar eins og ávallt. Gaman verður að skoða bæinn og þá uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað undanfarin ár.

Skráning á aðalfundinn er á slóðinni: www.gardur.is/adalfundur



Hótel Sigló er stórglæsilegt og mun hýsa næsta aðalfund KGSÍ í vor.



Pistill frá Kirkjugarðaráði

Starfsemin á síðasta ári

Á síðasta ári hélt Kirkjugarðaráð níu fundi auk þess sem ráðið fór í sína árlegu skoðunarferð, en í þetta sinn voru heimsóttir kirkjugarðar á Austurlandi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu samtals 85 kirkjugarða og grafreiti. Á árinu voru veittir styrkir úr kirkjugarðasjóði til 48 verkefna samtals að upphæð rúmar 49 milljónir. Meðal helstu verkefna sem styrkt voru má nefna:

Eiðar: Hafin var endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins.

Hruni: Vesturhluti og hluti suðurhlíðar kirkjugarðsins hlaðinn upp.

Stóri-Núpur: Greidd niður lán við kirkju.

Skálholt: Norðurhlíð gamla kirkjugarðsins afmörkuð með lágum torfvegg.

Kirkjugarðar Keflavíkur: Hólbergskirkjugarður lagfærður.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma: Grafarstæði í Gufuneskirkjugarði stækkuð og gengið frá þeim.

Reykholt: Byrjað á að hlaða upp austurhlíð kirkjugarðsins.

Borgarnes: Garðurinn stækkaður og lagfærður.

Reykholar: Kirkjugarðurinn stækkaður og hluti hans afmarkaður með einhlöðnum vegg.

Núpur: Lokið við lagfæringar á kirkjugarðinum.

Melstaður: Garður lagfærður og endurtyrfdur að hluta.

Höskuldsstaðir: Garðurinn lagfærður, ónýtar legstaðagirðingar fjarlægðar og endurtyrfdar.

Ólafsfjörður: Steyptur veggur sem umlykur kirkjugarðinn lagfærður.

Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls: Lokið við endurnýjun á umgjörð Saurbæjarkirkjugarðs.

Svalbarðseyri: Greidd niður lán vegna lagfæringa á garðinum.

Þóróddsstaðir: Lokið við að afmarka garðinn.

Á árinu var einnig unnið við lagfæringar og hirðingu á nokkrum niðurlögðum gördum t.d. í Arnarbæli, Krýsuvík, Kirkjubóli í Langadal, Otradal, Selárdal og Skálmanesmúla

Auk áður talinna styrkja fékk Kirkjugarðsamband Íslands styrki til reksturs á vefnum gardur.is og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins

Fjármál kirkjugarða og ársreikningar

Í vinnuferðum um landið undanfarið hefur undirritaður orðið talsvert var við að kirkjugarðsstjórnir/sóknarnefndir eiga sífellt erfiðara með að ná endum saman í rekstri kirkjugarða. Nefna þeir sérstaklega grafartökukostnaðinn, en gjaldskrár presta við útfarir hafa hækkað umtalsvert án þess að tillit sé tekið til þessara hækkana í útreikningum á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Einnig má geta þess að grafartaka, sem hjá mörgum kirkjugörðum er unnin í verktöku, hefur víða þurft að hækka til samræmis við launa- og verðlagsþróun. Hafa margar kirkjugarðsstjórnir þurft að grípa til þess að taka af umhirðutekjunum til að standa undir hækkuðum grafarkostnaði. Er þetta aldeilis ófært og ekki í takt við þá hugsun sem liggur á bak við gjalda- líkanið um kirkjugarða. Kemur þetta án efa til með að koma niður á umhirðu kirkjugarða ef engar leiðréttingar koma til og yrði það slæm þróun á sama tíma og kirkjugarðar fá sífellt fleiri heimsóknir í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna.

Til þess að hægt sé gera sér sem best grein fyrir þróun útgjalda hjá kirkjugörðum landsins er mjög mikilvægt að fyrir liggja tölulegar upplýsingar varðandi t.d. grafarkostnað einstakra kirkjugarða. Í því tilfalli geta ársreikningar kirkjugarða veitt mikilvægar upplýsingar og því brýnt að allar kirkjugarðsstjórnir skili inn ársreikningum sínum eins og lög gera ráð fyrir.

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs